



20. október 2021  
Tilv.: 2107092

Númer: 59/2021

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, leyfisskylda rekstaraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar.

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um krossölu

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um krossölu ([ESMA/2016/574 Guidelines on cross-selling practices](#)) sem beint er til eftirlitsstjórnvalda EES-ríkjanna. Viðmiðunarreglurnar gilda um krossölu í skilningi 42. tl. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. [2014/65/ESB](#) um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II).

Þann 1. september 2021 tóku gildi lög nr. [115/2021](#) um markaði fyrir fjármálagerninga sem m.a. innleiða MiFID II. Í 29. tl. 4. gr. laganna kemur fram að krosssala sé boð um fjárfestingarþjónustu ásamt annarri þjónustu eða vöru sem hluta af pakka eða sem skilyrði fyrir samningnum eða pakkanum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á fót samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Í því skyni veita reglurnar leiðbeiningar um hvaða viðmið eftirlitsstjórnvöld muni hafa til hliðsjónar varðandi viðskiptahætti og skipulagsráðstafanir fyrirtækja sem stunda krossölu til að draga úr hættu á mögulegu tjóni fyrir fjárfesta.

Viðmiðunarreglunum er skipt upp í eftirtalda þætti:

- 1) Hvaða upplýsingar um verð og kostnað á að veita við krossölu og hvernig standa skuli að birtingu þeirra.
- 2) Lykilupplýsingar um þætti aðra en verð afurðar og áhættu og birtingu þeirra.
- 3) Birtingu á og samskipti varðandi kaupmöguleika (e. optionality of purchase).
- 4) Viðeigandi þjálfun starfsfólks.
- 5) Hagsmunaárekstra vegna starfskjara starfsmanna.
- 6) Riftunarrétt eftir sölu.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.


Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja, lánaþyrirtækja, rekstraraðila markaða, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir



Inga Dröfn Benediksdóttir  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir